

SEIÐUR

LANDS OG SAGNA

Gísli Sigurðsson

SEIÐUR
LANDS OG SAGNA
IV

VESTUR
UNDIR JÖKUL

SKRUDDA

2006

Höfundurinn þakkar öllum þeim, sem á einn eða annan hátt hafa aðstoðað hann við gerð þessarar bókar, veitt upplýsingar eða lesið yfir texta. Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka er þökkun leiðsögn um Gilsbakka og Hvítarsíðu, svo og yfirllestur á þeim kafla, og sama gildir um Davíð Aðalsteinsson á Arnbjargarlæk. Snorri Þorsteinsson, fyrrverandi fræðslustjóri í Borgarnesi, og Árni Guðmundsson frá Beigalda hafa verið hjálplegir varðandi byggð í Borgarhreppi, sem áður hét, svo og um Ferjukot veitti Þorkell Fjeldsted gagnlega hjálp.

Reynir Ingibjartsson frá Hraunholtum í Hnappadal á sérstakar þakkir skildar fyrir leiðsögn um Hnappadal, yfirllestur og margvíslega aðstoð. Í Stykkishólmi og Helgafellssveit naut höfundurinn leiðsagnar og aðstoðar Eyþórs Benediktssonar kennara, og Ingi Hans Jónsson, forstöðumaður sögusetursins á Grundarfirði, lét í té verðmætar ljósmyndir úr eigu Sögusetursins eftir Bæring Cecilsson. Yfirllestur á þeim kafla annaðist Gunnar Kristjánsson, kaupmaður í Grundarfirði.

Undir Jökli naut höfundurinn leiðsagnar og aðstoðar Guðrúnar Bergmann, hótélhaldara á Hellnum, en þeir sem höfundurinn á mesta skuld að gjalda varðandi upplýsingar um staði og fólk undir Jökli, fyrr og nú, eru þeir Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður á Hellissandi, og Sæmundur Kristjánsson á Rífi, leiðsögumaður hjá Þjóðgarðinum Snæfellsnesi, einnig lagði hann til nokkrar ljósmyndir. Þá ber einnig að þakka yfirllestur Þjóðgarðsstjórans, Guðbjargar Gunnarsdóttur.

Sérstakar þakkir eru að lokum færðar til Jónasar Kristjánssonar, fyrrverandi forstöðumanns Árnastofnunar, fyrir yfirllestur og bendingar varðandi kaflann um þá feðga, Skallagrím og Egil á Borg, svo og kafla um Ara fróða í umfjöllun um Staðastað.

Megnið af ljósmyndunum í bókinni hefur bókarrhöfundurinn tekið og eru þær ekki merktar sérstaklega. Vísad er til annarra ljósmyndara aftast í myndatextum með upphafsstöfum í sviga. Þeir eru:

(BH) Björn Hróarsson
(BC) Bæring Cecilsson
(EE) Eyþór Einarsson
(HS) Haukur Snorrason
(HHÞ) Helga Hrönn Þorsteinsdóttir
(MWL) Mats Wibe Lund
(ÓE) Ólafur Elímundarson
(PJ) Páll Jónsson
(RI) Reynir Ingibjartsson
(SK) Sæmundur Kristjánsson
(TK) Tryggvi Konráðsson

Höfundar teikninga, málverka og höggmynda:

W.G. Collingwood
Einar Hákonarson
Eiríkur Smith
Gísli Sigurðsson
Guðjón Ketilsson
Jón Þorleifsson
Jóhannes Kjarval
Sæmundur Hólm
Þóra Pétursdóttir

Ljóð:

Egill Skallagrímsson
Gísli Sigurðsson
Guðmundur Böðvarsson
Hallgrímur Pétursson
Hannes Pétursson
Jóhann Gunnar Sigurðsson
Jóhannes Kjarval
Jón Helgason
Jónas Guðlaugsson
Kristmann Guðmundsson
Rögnvaldur Finnbogason
Sigurður Breiðfjörð
Þorsteinn frá Hamri
Þórður Halldórsson

© Gísli Sigurðsson, 2006


Öll réttindi áskilin

Mynd á kápu: Við Lóndranga

Mynd á saurblaði: Í Grábrókarhrauni

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 9979-772-75-1



Gísli Sigurðsson er fæddur og uppalinn í Úthlíð í Biskupstungum, en hefur jöfnum höndum starfað sem blaðamaður, ritstjóri, ljósmyndari og myndlistarmaður. Í 33 ár var hann umsjónarmaður Lesbókar Morgunblaðsins og fjallaði þar um margskonar menningarmál, ekki sízt arkitektúr, myndlist, umhverfismál og þjóðfræði. Hann er höfundur tveggja bóka um byggingarlist og einnig höfundur Árbókar Ferðafélags Íslands 1998, *Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna*. Síðla árs 2002 kom út fyrsta bók hans í ritröðinni *Seiður lands og sagna* og fjallaði um merkisstaði, jarðir og mannlíf á svæðinu sunnan jökla. Haustið 2003 kom út önnur bók hans í röðinni og bar titilinn *Söguöldir á Suðurlandi*. Sú þriðja í röðinni kom út haustið 2004 og bar titilinn *Afangastaðir suðvestanlands*. Þar var fjallað um Reykjanesskagann og byggðina á Suðvesturlandi upp að Húsafelli. Fjórða bókin, sem hér birtist, hefst í Hvítarsíðu og síðan rekur höfundurinn sig vestur eftir Mýrasýslu, Hnappadal og Snæfellsnesi vestur fyrir Jökul.

Óvenjulegt er að bókarrhöfundurinn hefur sjálfur unnið alla helztu verkþætti, unnið úr heimildum, skrifað texta og myndatexta, tekið myndirnar, nema fáeinir sem merktar eru öðrum, og teiknað upp útlit bókarinnar.

Efni

VESTUR UNDIR JÖKUL Á HRAÐA SKREIÐARLESTANNA	7	ARI FRÓÐI OG HÖFUÐBÓLIÐ Á ÖLDUHRYGG	224
MORGUNSÓL Á GILSBAKKA	8	STAÐUR Á SNJÓFELLSNESI	228
LISTASMIÐJAN Á KOLSSTÖÐUM	22	STAÐARSVEIT	230
KVÖLDSETT Á KIRKJUBÓLI	24	Á BÚÐUM OG Í BREIÐUVÍK	236
SVIPMIKIÐ ÆTTARÓÐAL Í ÞVERÁRHLEIÐ	30	KIRKJA Á BÚÐUM SÍÐAN 1703	240
NORÐURÁRDALUR Í ALDARBYRJUN	35	HÓTEL MEÐ FAGLEGAN METNAÐ OG GLÆSIBRAG	242
TÆKNIVÆTT HEIMSPORP Í GRÁBRÓKARHRAUNI	42	UNDUR NÁTTÚRUNNAR Í BÚÐAHRAUNI	243
DAGBÓKARBROT FRÁ SVIGNASKARÐI	50	Í BREIÐUVÍK ÞAR SEM JÖKULLINN ER NÆSTI	
FRAMTÍÐARLAND FRÍSTUNDABYGGÐA	52	NÁGRANNI	245
FERJUKOT – ÞAR SEM LAXVEIÐAR VORU STÓRÚTGERÐ	57	BIRTAN YFIR BREIÐUVÍK	247
BORG Á MÝRUM	62	„MÓÐURJÖRÐ HVAR MAÐUR FÆÐIST ...“	253
VOR ÚR VETRI ÁRIÐ 892	68	Á JÖKULHÁLSVEGI	258
JÁRNSMIÐURINN SKALLAGRÍMUR	80	UNDIR JÖKLI – ÆGIFÖGUR STRÖND OG YFIR SVÍFUR	
STÓRSKÁLD VEX UPP	84	JÖKULLINN	264
ÍMYND VÍKINGA Í NÚTÍMANUM	93	„DRANGAR, NIBBUR, STRÍPAR OG STANDAR ...“	266
BORGARNES – BÆRINN VIÐ BRÚNA	95	HELLNAR FORN ÚTGERÐARSTAÐUR Í VÍK VIÐ	
LANDNÁMSSETRIÐ Í BORGARNESI	100	VALASNÖS	272
VÍÐSÝNIÐ VESTUR Á MÝRUM	103	ELDKEILAN SNÆFELLSJÖKULL	279
DAGBÓKARBROT 7. JÚLÍ 2004	104	DULMÖGN OG TÖFRAR SNÆFELLSJÖKULS	286
ÁLFTANES	110	SUNNAN OG VESTAN UNDIR JÖKLI	288
STRAUMFJÖRÐUR	114	KJARVAL UNDIR JÖKLI	291
AKRAR Á MÝRUM	118	LANDNÁMSJÖRÐ OG AFTÖKUSTAÐUR	
HÍTARDALUR	130	AXLAR-BJARNAR	294
HELGRINDUR, JÁRNBARÐI, KALDNASI OG		ÞÚFUBJARG OG LÓNDRANGAR	295
TRÖLLAKIRKJA	138	„FULLSTERK MUN ÞUNGT AÐ FÆRA Á STALL ...“	301
KOLBEINSSTAÐAHREPPUR OG ELDVIRKA		MEÐ DRISSURUM Í DRITVÍK	305
SVÆÐIÐ Í HNAPPADAL	144	BERVÍKUR- EÐA BERUVÍKURSLÓÐIR	311
HÍTARNES – BÆR ODDNÝJAR EYKINDILS	157	HVER VAR BÁRÐUR SNÆFELLSÁS?	313
STAKKHAMAR, ÞAR SEM ARCTIC BAR BEININ	165	ÞJÓÐGARÐURINN SNÆFELLSJÖKULL	315
VEGAMÓT OG VATNALEIÐ	171	ERU ÞETTA ELZTU HÚS Á ÍSLANDI?	320
ELDVIRKA KERFIÐ Í LJÓSUFGJÖLLUM	174	UPPHAF OG ÞRÓUN ÞÉTTBÝLIS Á HELLISSANDI	323
FJALLIÐ HELGA OG FÓLK Á EYRBYGGJUSLÓÐUM	176	„RÓSTUGT VAR Í RIFI ÞÁ RÍKI BJÖRN ÞAR DÓ“	329
MAÐURINN MEÐ KÖNGULÓAREÐLIÐ	179	Á INGJALDSHÓLI BER JÖKULLINN FAGURLEGA	
ÞRJÚ TÍMABIL Á HELGAFELLI	184	VIÐ LOFT	332
MENNINGARTENGD FERÐAÞJÓNUSTA Í		ESPÓLÍN SETTI GAPASTOKK VIÐ KIRKJUNA	334
BJARNARHÖFN	187	ELZTA STEINSTEYPTA KIRKJA Í HEIMINUM	335
„GALNIR SEM HUNDAR“	190	ÓLAFSVÍK FYRR OG NÚ	337
STYKKISHÓLMUR Á 19. ÖLD	194	GAMLA PAKKHÚSIÐ- FRÍÐAÐ OG FRÓÐLEGT	347
ÁRNI THORLACIUS OG NORSKA HÚSIÐ	198	LITAST UM AF BÚLANDSHÖFÐA	350
GRUNÐARFJÖRÐUR	209	UNDARLEG ÓSKÖP Á FRÓÐÁ	352
ÞAR SEM KIRKJUFELL GNÆFIR OG HELGRINDUR		BÓKARLOK Á FRÓÐÁRHEIÐI	357
RÍSA AÐ BAKI	209	HEIMILDIR	360
SÖGUMIÐSTÖÐ OG BÆRINGSSTOFA	220	ÖRNEFNASKRÁ	361
		NAFNASKRÁ	366



Ingjaldshóll, skammt frá Rífi og Hellissandi, var höfuðból og höfðingjasetur. Þar var lengi þriðja stærsta kirkja landsins, en sú kirkja sem þar stendur nú er sögulega merkileg, því hún mun vera elzt allra steinsteypra kirkna í heiminum, byggð 1904. Ekki er lengur búskapur á Ingjaldshóli.

Sú yfirferð, sem í þessari bók hefst í Hvítársíðu, nær allar götur vestur undir Jökul, sem án efa er merkasta og magnaðasta kennileiti við Faxaflóa og Breiðafjörð. Verður haldið þeirri venju að skrifa nafnið með upphafsstaf; við förum vestur undir Jökul og þá vita allir við hvaða jökul er átt.

Ekki er farið beinustu leið, heldur litið á náttúru og byggðir á Mýrum og Snæfellsnesi, allt austur að Skógarströnd. Þeirri aðferð er haldið frá fyrri bókum í þessari ritröð að velja og fjalla sérstaklega um einstaka jarðir, svo sem Borg, Staðastað og Helgafell. Oftast er það gert af sögulegum ástæðum. Vð förum með hraða snigilsins, eða það

sem betur á við hér: Með hraða skreiðarlestanna sem öldum saman mörkuðu sér götutroðninga á þessari löngu leið.

Bókartextinn snýr bæði að mannlífínu frá landnámi, svo og nútímanum.

Við hittum fólk jafnt frá fyrri öldum og úr nútímanum. Það gætu verið vermenn að tjalda yfir búðir og gera klárt í verstöðvum vestur undir Jökli, Egill í þungu skapi heima á Borg, Snorri goði á Helgafelli þeysiríðandi um héraðið, þögull og ókunnur maður úr dimmleitri fortíð að hlaða byrgi í hrauninu hjá Gufuskálum, Guðrún Bergmann í gestamóttöku á Hótel Hellnum, Jón Þjóðhagi með völundarsmið vestur í Breiðuvík, Þórður kakali á flóttu undan Kolbeinsmönnum



VESTUR UNDIR JÖKUL Á HRAÐA SKREIÐARLESTANNA

tekið á 2-3 árum á bókarsvæðinu, sýna söguviðið eins og það lítur út nú í aldarbyrjun, en auk þess eru dregnar fram í dagsljósið nokkrar gamlar ljósmyndir af þessu sama söguviði ásamt einstaka gömlum teikningum. Í nokkrum tilvikum hefur bókarhöfundurinn skipt um ham og dregið fram palettu sína og liti og freistað að segja eitthvað í máluðum myndum, sem ekki er hægt á sama hátt í orðum. Í nokkrum tilvikum bregður hann ljósi á menn og atburði í bundnu máli og heldur í stuðlasetninguna, ekki þó alveg hefðbundna, sem markar merkilega hefð, allt frá landnámi. Bak við þessi fjögur ljóð, sem hér eru frumbirt, er löng þróunarsaga sem ekki verður rakin hér.

Í þessari bókaröð hef ég dregið fram í sviðsljósið fólk sem á einhvern hátt bar birtu og framfarir inn í lífið á umliðnum öldum og skipað því á bekk með sögufrægum persónum, allt frá landnámsöld. Markmiðið er það sama hér. Í því sambandi skal játað að menningarleg afrek hrífa mig meira en margt annað. Til að mynda þykir mér íbúðarhús Davíðs bónda á Arnbjargarlæk frá árinu 1923 vera afreksverk á þeim tíma og bera vitni um heimsborgaralegan stórhug. Ég tel Guðmund Böðvarsson, bónda á Kirkjubóli, vera með alfremstu skáldum okkar á síðustu öld og sannarlega bar hann menningarlega birtu yfir Borgarfjörð.

Það er afrek að hljóta viðurkenningu sem eitt af eftirtektafyrirlestu nýju hótélunum frá alþjóðlegu tímariti, en sá heiður hlotnaðist nýja hótélinu á Búðum á árinu 2004. Á skömmum tíma hefur Hótel Hellnum hlotnast margar eftirsóknarverðar viðurkenningar. Norðan við Jökul er Ingjaldshólskirkja, elzta steinsteypta kirkja í heiminum. Á Staðastað erum við minnt á afrek Ara fróða, en þar fæddist líka Jóhann Jónsson, frábært skáld, sem átti heima í Ólafsvík á sínum yngri árum. Það er menningarlegur stórhugur og ræktarskapur Kjartans Ragnarssonar að koma upp Landnámssetri í Borgarnesi og reisa

Skallagrími minningavörður. Stórmerkur er þáttur Rakelar Olsen í viðhaldi gamalla, sögufrægra bygginga í Stykkishólmi og í Bjarnarhöfn hefur verið komið upp eftirtektafyrirlestu safni. Að koma í Pakkhúsið í Ólafsvík, sem hýsir gott byggðasafn, er einn- ar messu virði og Grundarfjörður er áhuga- verðari staður en ella fyrir Sögumiðstöð Eyrbyggja sem Ingi Hans Jónsson stýrir.

Úr byggðinni undir Jökli minnumst við þess að þar sleit Guðríður Þorbjarnardóttir barnsskónum, víðförulusta kona miðalda og fyrsta hvíta móðirin í Vesturheimi; kona sem lét sig ekki muna um eina göngu „suður til Róms“ á eftir ótrúlegum mannraunum í úthafssiglingum. Þórður Halldórsson, refa- skytta og listamaður frá Dagverðará, varð víðfrægur, enda engum líkur, og kom víða við í listsköpun á fullorðinsárum. Færri þekkja Ólaf Elímundarson frá Hellissandi, sem lengst af var sjómaður og verkamaður en sneri sér að námi á fullorðinsárum; varð sagnfræðingur frá Háskóla Íslands 1982 og náði að skrifa tvær verðmætar bækur um sögu Breiðuvíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis, sem heita *Jökla hin nýja, I* og *II*. Bækur hans hafa verið mér ágæt heimild um lífið í útvegsplassunum undir Jökli, allt framundir 1900, þar sem hátt í hundrað sjóbúðir, þurrabúðir og grasbýli á svæðinu frá Gufuskálum að Rifi mynduðu lang- stærsta þéttbýli landsins á 19. öld.

Fernt er það sem uppúr stendur og hefur orðið mér drýgst umfjöllunarefni: Í fyrsta lagi frábærir og framúrskarandi einstaklingar á öllum tímum. Í öðru lagi menningarleg afrek. Í þriðja lagi er náttúra Mýrasýslu og Snæfellsness umfjöllunar- og addáunarefni, en síðast og ekki sízt Snæfellsjökull. Hann er eins og dularfull vera sem sefur löngum svefni án þess að bæra á sér, kannski í mörg þúsund ár, kannski að eilífu. Sjálfur Jökullinn gæti verið horfinn með öllu innan skamms tíma, ef svo fer fram sem horfir

Þannig er íslensk náttúra. Hún gefur og tekur á víxl.

En fegurðin bregst ekki.

vestur yfir Mýrar, Sæmundur í Rifi að sýna göngufólki hvar Björn hirðstjóri var veginn, Hildibrandur í Bjarnarhöfn að verka hákarl, Ásdís Haraldsdóttir á Álfanesi að huga að hrossum, Ari fróði að skrifa Íslendingabók á Staðastað eða Skúli Alexandersson að ræða við mann og annan á götu á Hellissandi.

Ný ljósmyndunartækni er sífellt að þróast og batna. Stærstur hluti myndanna í þessari bók er tekinn með stafrænni tækni í stað þess að nota filmur, svo sem einvörðungu var gert fyrir fáeinum árum.

Hér er sem fyrr unnið með þá hugmynd að ljósmyndir og texti bókarinnar hafi jafn mikið vægi, eða því sem næst. Ljós- myndirnar, sem bókarhöfundurinn hefur



MORGUNSÓL Á GILSBAKKA

Bærinn virðist vera í öndvegi í Borgarfjarðarhéraði og það er ljómi yfir nafninu.

Í síðustu bók hóf ég ferðina í Herdísarvík; eyðibýli á hafnlausri strönd, sem ber með sér einsemd og afskekkt, þrátt fyrir nálægð við þéttbýlið við Faxaflóa. Varla verður fundin skarpari andstæða en sú, sem við blasir af hlaðinu á Gilsbakka í Hvítársíðu. Þar hefjum við för og gerum ráð fyrir að það lyfti heldur andanum að standa hátt og hafa allt þetta útsýni.

Gilsbakki virðist vera í öndvegi í Borgarfjarðarhéraði og það hefur alltaf verið ljómi yfir nafninu í mínum huga. Líklega er sá ljómi til kominn af því að ungur kynntist ég Gilsbakkabúlu, sem er skemmtilegur kveðskapur, eiginlega rapttexti. Í annan stað er jörðin höfuðból og í þriðja lagi stafar ljóminn af því að Gilsbakkabændur, margir þeirra prestar, hafa gert garðinn frægan.

Á tveim síðustu áratugum 19. aldar og allt

fram til 1920 var menntasetur á Gilsbakka; það var á embættisárum séra Magnúsar Andréssonar. Hann hélt menntakynndinum hátt á loft og kenndi jafnvel vinnufólki sínu ýmis fræði, sem það hefði farið á mis við ella.

Á ljósmynd frá því skömmu fyrir 1906 má samt sjá að höfuðbólið lítur út í augum nútímafólks sem hvert annað kotbýli með torfkofum þegar frá er skilin kirkjan, sem var langstærsta húsið á Gilsbakka; hún var þá bárujárnsklædd. Tvö bæjarhús hafa verið með reisuleg timburstandþil, og minni burst fyrir bæjardyr er þar á milli. Í aðalhúsinu vinstra megin á myndinni var stofan en baðstofan hægra megin. Fremst í henni var afþiljað hjónahús. En heimilið var mannmargt og ekki veitti af hákojum yfir rúmunum í baðstofunni. Þó að þetta sýnist ekki veglegt á mynd-